

30 ára afmælisár Reykjanesbæjar 2024

- Lokaskýrsla

Halldóra G. Jónsdóttir - verkefnastjóri





Undirbúningur og utanumhald

Skipulag

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 8. júní 2023 að skipuð yrði afmælisnefnd til að hald utan um afmælisárið og verkefni því tengdu.

Tillagan sem var lögð fyrir og samþykkt var eftirfarandi:

- Bæjarráð eigandi verkefnisins
- Framkvæmdastjórn stýrihópur
- Skipuð verður afmælisnefnd (verkefnahópur) og verkefnastjóri yfir henni

Við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024 var síðan ákveðið að veita 40 milljónum kr. til verkefna og viðburðahalds í tilefni afmælisársins

Afmælisnefnd

Eftirfarandi aðilar skipuðu afmælisnefndina:

- Guðlaug M. Lewis
- Halldóra G. Jónsdóttir – verkefnastjóri
- Margrét Lilja Margeirsdóttir

Auk þeirra sátu um tíma í nefndinni Þórdís Ósk Helgadóttir fyrrum sviðsstjóri Menningar- og þjónustusviðs og Jón Haukur Baldvinsson fyrrum markaðsstjóri.





Markmiðið

var að í lok árs 2024 hefðu allir íbúar í Reykjanesbæ orðið varir við afmælið og sem flestir tekið þátt í einhverjum viðburði eða verkefni því tengdu. Afmælisárið hafi aukið jákvæða upplifun fólks á sveitarfélaginu.





Hugmyndasöfnun

Hugmyndasöfnun fór af stað í byrjun hausts 2024 á betrireykjanesbaer.is þar sem íbúar gátu komið með hugmyndir um hvernig sveitarfélagið fagnaði 30 árum.

23 hugmyndir bárust.

Meðal hugmynda sem urðu að veruleika voru:

- Afmælistónleikar
- Afmæliskaka á 17. júní
- Myndband um söguna
- Ratleikur fyrir börn
- Sögugöngur



Afmælismerki

Tekin var ákvörðun um að útbúa sérstakt afmælismerki til að nota á efni sveitarfélagsins á afmælisárinu og var það unnið í samstarfi við Jón Ágúst Pálmason.



REYKJANESBÆR 30 ÁRA



Markaðsefni unnið með Hvíta húsinu

- Vefur
- Samfélagsmiðlar
- Útvarp
- Vefborðar
- Strætóskýli
- Útvarp
- Veggspjöld
- Fánar



30
ÁRA

Litahlaup fyrir alla fjölskylduna

Sunnudagur 18. júní
Stæð og samang í hataleipi kl. 13:00 fyrir alla aldurshópa. Frítt er á viðbúðinni!

Kynntu þér fjórð á 30ara.is

30
ÁRA

Vertu með í veislunni!

Fjölbreytt dagskrá í tilefni 30 ára afmælis Reykjaneshæjar 11.-17. júní

Kynntu þér fjórð á 30ara.is

30
ÁRA

Öll velkomin í afmælistór

Ætíð verða skemmtileg afmælistög og tónleikar haldnir í kjölfarið sunnudaginn 2. júní í Kirkjulundi

11.-17. júní

30 ÁRA AFMÆLI REYKJANESBÆJAR

VERTU MEÐ Í VEISLUNNI – Kynntu þér afmælisdagskrá á 30ara.is

30
ÁRA

11.-17. júní

30 ÁRA AFMÆLI REYKJANESBÆJAR

VERTU MEÐ Í VEISLUNNI

Kynntu þér afmælisdagskrá á 30ara.is

30
ÁRA



Afmælissjóður kynntur í upphafi árs



Við eigum 30 ára afmæli!

Viltu taka þátt í að halda upp á 30 ára afmæli Reykjanesbæjar?

Reykjanesbær auglýsir eftir umsóknum um styrki úr afmælissjóði sveitarfélagsins.

Hægt er að sækja um styrki fyrir verkefni og viðburði sem hafa það markmið að auðga mannlíf, efla menningu, virkja íbúa og/eða laða að gesti, heiðra söguna, fegra bæinn eða styðja við fjölbreytileikann í sinni breiðustu mynd.

Verkefniin mega koma til framkvæmda allt árið 2024 en sérstök afmælisáhersla verður vikuna 10.-17. júní.

Nánari upplýsingar má finna á vef Reykjanesbæjar



Umsóknum skal skila með rafrænum hætti



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTLEIKANS





Yfirlit yfir styrki veitta úr afmælissjóði

16.685.000 voru veittar úr sjóðnum í fjölbreytt verkefni og viðburði

- Svipmyndir úr sögunni
- Reykjanesbær í 30 ár - Víkurfréttir
- Sögugöngur í sveitarfélaginu
- Ratleikur: Didda og dauði kötturinn
- Hvað er að fréttu í bænum?
- Barnadagskrá á Rokksafni Íslands
- Afmælisskemmtun í fimleikaakademíunni
- Tónleikar á þaki Hljómahallar
- 80 ára afmæli Ungmennafélags Njarðvíkur
- Litahlaup í tilefni 35 ára afmælis Keflavíkur Íþróttu og ungmennafélags
- Gróðursetningarverkefni - afmæislundur
- Afmælistónleikar Söngsveitar Suðurnesja
- Afmælisveisla með Kósýbandinu
- Málum söguna saman
- Ljósalistaverk á Ljósanótt
- Vox Felix syngur Suðurnesjalög
- Menningarheimar mætast - matur og menning
- Óðurinn til gleðinnar (óperu og söngleikjagala)
- Elíza Newman flytur dægurlög tengd Reykjanesbæ
- Afmæliskór Reykjanesbæjar





Önnur verkefni og viðburðir í tilefni afmælisársins

- Hátíðarfundur bæjarstjórnar á afmælisdaginn
- Útnefning tveggja nýrra heiðursborgara
- Afmælismyndband - 30 ára saga Reykjanesbæjar
- Öll leikskólabörn fengu gefins Bauna-buff
- Skólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hljómahöll
- Frítt í söfn, strætó og sund í afmælisvikunni
- 3 milljónir í hátíðarhöld á 17. júní
- 5 milljónir í Ljósanótt
- 3 milljóna fjárveiting í Aðventugarðinn





Afmælisvikan 11. – 17. júní

Fljótlega var ákveðið að leggja áherslu á að halda viðburði á afmælisdaginn 11. júní og vikuna þar á eftir, fram að þjóðhátíðardeginum og voru styrkþegar hvattir til að halda sína viðburði á þeim tíma.





Vox Felix syngur Suðurnesjalög

- 500.000 kr.
- 8. maí
- **Vox Felix** hélt glæsilega tónleika í Hljómahöll ásamt hljómsveit þar sem sungin voru lög eftir höfunda og flytjendur af Suðurnesjum. Sungin voru m.a. lög eftir Gunnar Þórðar, Magga Kjartans, Villa Vill, Ellý, Klassart ofl.





Poppbaunin í Rokksafninu

- 1.000.000 kr.
- 12. maí
- **Rokksafnið** stóð fyrir glæsilegri fjölskyldudagskrá á lokadegi BAUNar frá kl. 11:30 – 14:45 sem tókst frábærlega. Meðal viðburða voru smábarnatónleikar með Hafdísi Huld, múrbalasláttur í Bergi, vísindasmiðja frá Háskóla Íslands, tónlistargleði með pólskum tónlistarhópi á vegum pólska sendiráðsins, hljóðfærakynning frá TR og dansiball með DJ Dóru Júlíu í Stapa. Mikill fjöldi íbúa tók þátt í dagskránni.





Menningarheimar mætast

- 640.000 kr.
- Tímabil: 1. júní
- **Verkefnastjóri fjölmenningar** stýrði viðburði þar sem fjölbreyttur hópur íbúa með ólíkan bakgrunn sameinaðist í þeim tilgangi að fagna fjölbreytileikanum saman. Í boði var ljúffengt matarsmakk frá hinum ýmsu heimshornum. Hoppukastali var á svæðinu, hægt var að fá málað á sig húðflúr sem hefð er fyrir í mörgum menningarheimum og stigin var sýrlenskur dans. Mikil gleði ríkti á torginu fyrir framan ráðhúsið.





Dagskrá afmælisviku

Dagur				
Þriðjudagur	11 júní	Hátíðarfundur bæjarstjórnar	Tónleikar á þaki Hljómahallar	Frumskýning á afmælismyndbandi
Miðvikudagur	12 júní	Krakkafjör í fimleikaakademíu	Afmælislundur - gróðursetning	
Fimmtudagur	13 júní	Ratleikur og bíósýning	Söguganga í Höfnum	Tónleikar með Elísu í kirkjunni í Höfnum
Föstudagur	14 júní	Svipmyndir úr sögunni - opnun		
Laugardagur	15 júní	Litahlaup fyrir alla fjölskylduna	Gleði í Vatnaveröld	
Mánudagur	17 júní	17 júní hátíðarhöld með afmælissniði		

Frítt í sund, á söfn og í strætó alla afmælisvikuna

Kósýbandið heimsækir hjúkunarheimili og sjúkrahús á afmælisdaginn og halda stutta tónleika og boðið upp á afmælisköku.





Afmælisstund með Kósýbandinu


- 300.000 kr.
- 11. júní
- **Kósýbandið** hélt þrenna tónleika á afmælisdaginn, á sjúkrahúsinu, í Hlévangi og á Nesvöllum og spilað léttu tónlist fyrir íbúa og gesti í tilefni afmælisins. Á sama tíma var boðið upp á afmælisköku og kaffi. Þessi hluti afmælisdagsins heppnaðist einstaklega vel og mikil ánægja meðal íbúa á þessum stöðum.





Leikskólabörn fengu Baunabuff

- 416.600 kr.
- 11. júní
- Á afmælisdegi Reykjanæsbæjar 11. júní fengu öll leikskólabörn í bænum gefins Baunabuff sem var merkt með afmælis-logoi sveitarfélagsins. Mikil gleði var meða leikskólabarna með buffin og sáust þau víða á kollum þeirra í sumar.





Afmælismyndband

- 3.220.735 kr.
- Frumsýnt 11. júní
- **Reykjanesbær** ákvað að framleiða myndband sem færi yfir söguna sl. 30 ár í máli og myndum. Myndbandið fangaði eftirminnileg augnablik og fór yfir þá uppbyggingu og þróun sem hefur átt sér stað frá sameiningu.

Framleiðsla

- Davíð Örn Óskarsson
- Halla Karen Guðjónsdóttir
- Halldóra G. Jónsdóttir

Handritsgerð og upplýsingaöflun

- Halla Karen Guðjónsdóttir
- Halldóra G. Jónsdóttir

Viðtalsupptökur

- Davíð Örn Óskarsson
- Eypór Jónsson

Klipping og samsetning

- Davíð Örn Óskarsson





Afmælistónleikar á þaki Hjómahallar

- 4.000.000 kr.
- 11. júní
- **Hjómahöll** stóð fyrir stórtónleikum á þaki Hjómahallar á sjálfan afmælisdaginn þar sem hljómsveitin Albatross hélt uppi fjörinu ásamt úrvalslíði söngvara. Matarvagnar voru víðsvegar um tónleikasvæðið sem sköpuðu einnig skemmtilega stemmingu. Mikil ánægja var með viðburðinn þrátt fyrir hressilegan vind og góð mæting íbúa á öllum aldri.





Krakkafjör í fimleikaakademíunni

- 300.000 kr.
- 12. júní
- **Fimleikadeild Keflavíkur** hélt sannakallaða fjölskylduskemmtun í afmælisvikunni sem sló heldur betur í gegn en milli 600-700 mættu til þess að hitta Ípróttaálfinn og Söllu stírðu ásamt því að leika sér í salnum. Allir voru svo leystir út með ípróttanamma að leik loknum.





Sögugöngur í sveitarfélaginu

- 770.000 kr.
- Tímabil: sumar
- **Byggðasafnið og menningarfulltrúi** stóðu fyrir 5 sögugöngum um sveitarfélagið í sumar. Féllu þær í virkilega góðan jarðveg og voru á bilinu 80 - 100 manns í hverri göngu. Gengið var í öllum hverfum RNB. 13. júní í Höfnum með Ármanni Guðmundssyni; 3. júlí, um I-Njarðvík með Helgu Ingólfs; 30. júlí um Y-Njarðvík með Kristjáni Jóhannssyni; 14. ágúst með strætó um Ásbrú með Kristjáni Jóhannssyni og 8. september um Keflavík með Agnari Guðmundssyni.





Elíza Newman - Dægurperlur

- 400.000 kr.
- 13. júní
- **Elíza Newman** og hljómsveit héldu tónleika í Kirkjuvogskirkju og fluttu lög tengd Höfnum og Reykjanesbæ í bland við hennar eigin. Lög með listamönnum á borð við Vilhjálm Vilhjálmss, Ellý Vilhjálmss, Trúbrot og Hljóma. Ókeypis aðgangur var á tónleikana.





Rattleikur – Didda og dauði kötturinn

- 275.000 kr.
- 13. júní
- **Bókasafn Reykjanesbæjar** stóð fyrir ratleik sem byggir á sögu heimakonunnar Kristlaugar M. Sigurðardóttur, Didda og dauði kötturinn en sagan gerist í gamla bænum í Keflavík. Íbúar gátu leyst ratleikinn í gegnum snjalltæki eða á pappír. Þá var einnig boðið upp á bíósýningu á myndinni auk límonaðis fyrir gesti og gangandi við eitt af gömlu húsunum í bænum. Um 200-300 tóku þátt.





Afmælislundur

- 1.000.000 kr.
- 14. júní
- **Umhverfis- og framkvæmdasvið Reykjanesbæjar** stóð fyrir gróðursetningu á 30 trjám í lundi við Kamb í Innri- Njarðvík. Íbúar sem fæddust sameiningarárið 1994 tóku þátt í verkefninu og gróðursettu ásamt nokkrum kjörnum fulltrúum fjölbreyttar tegundir planta á svæði sem fékk nafnið Afmælislundur. Verkefnið gekk vel þrátt fyrir kulda og blástur voru allir með bros á vör





Svipmyndir úr sögunni


- 1.600.000 kr.
- 14. júní
- **Byggðasafnið** hlaut styrkt til að setja upp sex skilti við strandlengjuna með ljósmyndum af bænum og bæjarlífinu ásamt stuttum sögumolum. Fyrsta skiltið var afhjúpað í afmælisvikunni.





Litahlaup fyrir alla fjölskylduna

- 700.000 kr.
- 15. júní
- **Keflavík íþróttá- og ungmennafélag** sá um viðburðinn. Hlaupið fór fram í blíðskaparveðri og þátttaka mjög góð hjá ungum sem öldnum og ekki annað að sjá að allir skemmtu sér konunglega. Til skoðunar að hafa þetta árlegan viðburði hjá félaginu.
- Kynnir/peppari – plötusnúður – drykkir - slökkviliðið





17. júní með afmælisbrag

- 3.000.000 kr.
- 17. júní
- **Á 17. júní** var bundinn endahnútur á afmælisvikuna með hátíðardagskrá, dagskrá vegna 80 ára afmælis lýðveldisins og extra veglegri skemmtidagskrá sem m.a. skartaði, JóaPé og Króla, sérstökum afmæliskór, hljómsveitinni Bjartmar og Bergrisunum auk fleiri atriða og fjölda skemmtistöðva fyrir bæði börn og ungmenni. Mikil og góð þátttaka var í dagskránni.





Afmæliskór Reykjanesbæjar

- 500.000 kr.
- 17. júní
- **Kirkjukór Keflavíkur** auglýsti eftir áhugasömum til að koma í afmæliskór sem hafði það markmið að æfa nokkra afmælissöngva undir stjórn Arnórs Vilbergssonar og halda svo tónleika. 30 manns skráðu sig í kórinn sem hélt tvenna tónleika, í kjölfar æfingarinnar 2. júní og svo í Skrúðgarðinum á 17. júní. Í heildina var þetta vel heppnaður og skemmtilegur viðburður.





Málum söguna saman


- 500.000 kr.
- Tímabil: sumar
- **Listasmiðja Reykjanesbæjar** undir forystu Omars Rondon sá um verkefnið sem gekk út á að mála götulist víða um bæinn sem endurspeglar söguna á skapandi og listrænan hátt. Nýju götulistaverkin eru staðsett við höfnina í Keflavík, við Kökulist í Njarðvík og á Háaleitisskóla. Listhópurinn samanstóð af 20 ungmennum á aldrinum 13-16 ára með fjölmeningalegan bakgrunn.





80 ára afmæli UMFN

- 700.000 kr.
- Tímabil: allt árið
- **UMFN** hélt upp á 80 ára afmæli og tengdi það við nokkra viðburði:
 - Afmælisleikur – meistaraflokkur karla í körfu á afmælisdaginn 10 apríl
 - Aðalfundur félagsins með afmælisniði 23. apríl
 - Afmælisleikur í Lengjudeildinni 22. ágúst
 - Heimsmeistaramót í kraftlyftingum í nóvember





Óðurinn til gleðinnar

- 1.000.000 kr.
- 16. nóvember
- **Norðuróp** undir stjórn Jóhanns Smára Sævarssonar stóð fyrir glæsilegum óperugalatónleikum í Stapa í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Fram komu 18 einsöngvarar, kór, barnakór og sífóníuhljómsveit. Fluttar voru þekktar óperuariur með kórum. Húsfyllir var í Stapa enda ekki á hverjum degi sem tónleikar af þessum toga og stærðargráðu standa íbúum til boða.





Afmælistónleikar Sönghóps Suðurnesja

- 250.000 kr.
- 30. október
- **Sönghópur Suðurnesja** hélt skemmtilega tónleika undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar í Y-Njarðvíkurkirkju í tilefni af 25 ára starfsafmæli sönghópsins og 30 ára afmælis Reykjanesbæjar. Á efnisskránni voru vinsæl Suðurnesjalög eftir Suðurnesjamenn. Gestasöngvarar voru Valdimar Guðmundsson og Guðrún Gunnarsdóttir.





Stærri Ljósanótt

- 5.000.000 kr.
- 8. september
- Í tilefni afmælisins var ákveðið að setja saman sérstaka tónleikadagskrá undir stjórn Kristins Jónssonar eða Kidda í Hjálmum; Reykjanesbær 30 ára: Þar komu fram meðlimir Hjálma og Baggalúts ásamt Magnúsi Þór Sigmundssyni, Jóhanni Helgasyni, Nönnu Bryndísi, Páli Óskari, Júníusi Meyvant, Jóhönnu Guðrúnu, Sigurði Guðmundssyni, Árnýju Margréti & Guðmundi Pálssyni. Tónleikarnir voru sýndir í beinni útsendingu á RUV og heppnuðust virkilega vel.





Ljósalistaverk á Ljósanótt

- 2.000.000 kr.
- 5.-7. september
- **Ingvi Hrafn Laxdal**, vídeolistamaður og kennari í Stapaskólia, vann metnaðarfullt vídeóverk sem varpað var á bakhlið Hafnargötu 12 á Ljósanótt. Verkið var unnið í samstarfi ýmissa aðila, dansara, kórs Njarðvíkirkirkju undir stjórn Rafns Hlíðkvist o.fl. Verkið Andvari bauð áhorfendum í magnþrungið ferðalag um tilvist manns og náttúru. Það á virkilega vel við á Ljósanótt að bjóða upp á ljósaverk sem glæða hátíðina litum og lífi.





Hvað er að fréttu í bænum?

- 500.000 kr.
- Tímabil: sumar
- **Fjörheimar** héldu úti verkefninu þar sem markmiðið var að fá metnaðarfull ungmenni til að framleiða fjölbreytt efni fyrir samfélagsmiðla Reykjanesbæjar og segja frá viðburðum á þeirra hátt án ritskoðunar og að áhrif fullorðinna væru til staðar. Ungmenni mættu á fjölbreytta viðburði. Verkefnið gekk vel og gerðu ungmennin dagskrá afmælisvikunnar góð skil.





Skólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hljómahöll

- 1.033.100 kr.
- 26. september
- **Sinfóníuhljómsveit Íslands** hélt þrenna skólatónleika í Hljómahöll fyrir 1.- 4. bekk allra grunnskóla sveitarfélagsins 26. september, alls 1200 nemendur. Flutt var verkið „Ástarsaga úr fjöllunum“ og saga Guðrúnar Helgadóttur um spennandi og tregafullan heim trölla dregin upp með litríkum hljóðmyndum ásamt lestri og söng Jóhanns Sigurðssonar leikara. Ekki var annað að sjá en að börnin skemmtu sér konunglega og mikil ánægja með viðburðinn.





Kostnaður vegna afmælisárs

Afmælissjóður	16.685.000
Ljósanótt	5.000.000
17. júní	3.000.000
Aðventugarður	3.000.000
Skólatónleikar Sinfó	1.003.100
Afmælismyndband	3.220.735
Afmæliskökur	214.000
Markaðs- og kynningarefni	6.850.803
Ljósmyndarar	370.000
Samtals	39.343.638





Lokaorð

- Það er samdóma álit afmælisnefndar að vel hafi tekist til við að fagna 30 ára afmæli sveitarfélagsins með íbúum þess og að þau markmið sem sett voru fram í upphafi hafi náðst.
- Það heppnaðist vel að setja fjármagn í afmælissjóð sem allir áhugasamir gátu sótt um til að halda viðburði. Það jók fjölbreytni verkefna og voru fleiri virkir þátttakendur sem eiga hluti í afmælinu.
- Afmælisvikan og viðburðir voru vel kynnt fyrir íbúum á fjölbreyttum miðlum. Allir árlegir viðburðir eins og BAUN, 17. júní og Ljósanótt voru tengdir við afmælið og 30 ára afmælisfánar blöktu um bæinn allt afmælisárið.





30
ÁRA

